

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglna nr. 966/2001, um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Þann 13. nóvember 2009 tók gildi reglugerð nr. 916/2009, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar, sem fjármálaráðherra setti á grundvelli 56. gr. laga nr. 129/1997. Með vísan til þess eru felldar niður reglur nr. 966/2001, um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun, með síðari breytingum, sem Fjármálaeftirlitið setti 30. nóvember 2001 og birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda 31. desember 2001.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 20. nóvember 2009.

Gunnar Þ. Andersen.

Ólafur E. Friðriksson.

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2009